



HANDBÓK

UM SKÝRSLUGJÖF



HANDBÓK

um skýrslugjöf um gjaldeyrismál

Upplýsingagjöf samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga
nr. 70/2021 um gjaldeyrismál

Efnisyfirlit

Almennt	4
Gagnaskilakerfi Seðlabankans	4
Skýrsla um gjaldeyrisviðskipti	4
Færslulýsing	5
Skýrsla um yfirfærslu fjármuna yfir landamæri eða milli innlendra og erlendra aðila	6
Færslulýsing	6
Tílefnislyklar	7
Skýringar við einstaka lykla	8
Varpanir úr öðrum lyklasettum	10
Vörpun úr ISO20022 lyklum	11

Almennt

Leiðbeiningar þessar eru settar með vísan til reglna nr. 861/2022 um almenna tilkynningarskyldu skv. lögum um gjaldeyrisból, sem settar eru á grundvelli 8. mgr. 10. gr. laga nr. 70/2021 um gjaldeyrisból. Samkvæmt þeim ber milligönguáðilum um gjaldeyrisviðskipti að tilkynna öll gjaldeyrisviðskipti, fjármagnshreyfingar á milli landa og greiðslur á milli landa í innlendum og erlendum gjaldeyri til Seðlabanka Íslands á því formi sem Seðlabankinn ákveður.

Gagnaskilakerfi Seðlabankans

Tilkynningarskyldir aðilar skv. reglum nr. 861/2022 notast við gagnaskilakerfi Seðlabankans til þess að sinna upplýsingagjöf samkvæmt reglunum. Gagnaskilakerfið tekur við skýrslum á XML-formi samkvæmt til þess gerðum XML-skemum, sem eru aðgengileg skilaaðilum í gagnaskilakerfinu. Einnig er hægt að beintengja tölvukerfi skilaaðila við vefþjónustur Seðlabankans og skila gögnum með sjálfvirkum hætti. Innskráning í gagnaskilakerfið er með rafrænum skilríkjum.

Seðlabankinn hefur gefið út sérstaka notendahandbók um gagnaskilakerfið, sem finna má á heimasíðu hans, og vísast til hennar.¹ Tæknilega aðstoð er hægt að fá með tölvupósti á adstod@sedlabanki.is.

Skýrsla um gjaldeyrisviðskipti

Í skýrslu um gjaldeyrisviðskipti eiga að fara upplýsingar um öll gjaldeyrisviðskipti skilaaðila við sína mótaðila, hverjir sem þeir eru. Þar með talin eru gjaldeyrisviðskipti í reiðufé í útibúum eða hraðbönkum; gjaldeyrisviðskipti sem felast í úttekt viðskiptavinar af reikningi í einni mynt og innleggi á reikning í annarri mynt, t.d. sjálfsgreiðsla í heimabanka; gjaldeyrisviðskipti skilaaðilans sjálfs í eigin þágu, t.d. á millibankamarkaði með gjaldeyri, eða á erlendum gjaldeyrisörkuðum. Hugtakið gjaldeyrisviðskipti vísar hér til skipta á innlendum gjaldeyri fyrir erlendan, erlendum gjaldeyri fyrir innlandan eða einum erlendum gjaldeyri fyrir annan eða reikningsviðskipta sem eru ígildi slíkra skipta, sbr. 2. gr. laga nr. 70/2021 um gjaldeyrisból.

Undir þessa upplýsingagjöf falla ekki afleiðuviðskipti, enda gilda sérstök lög um skýrslugjöf um afleiðuviðskipti (lög nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár).

Öll gjaldeyrisviðskipti þarf að flokka eftir tilefni, á svipaðan hátt og gert hefur verið í tíð eldra GV-kerfis Seðlabankans, sem rekið hefur verið um árabíl. Undantekning frá þessu er gerð ef fjárhæð viðskiptanna er undir 500.000 kr. eða jafnvirði í öðrum gjaldmiðlum, en slík viðskipti skal skrá með lyklinum „OFL – óflokkað undir 500.000 kr.“.

Skilaaðilar skulu skila skýrslum um gjaldeyrisviðskipti í lok hvers viðskiptadags, eigi síðar en fyrir kl. 9 að morgni næsta viðskiptadags.

1. <https://www.sedlabanki.is/annad-efni/thjonustuvefur/>

Færslulýsing

Nr.	Reitur	Skýring
Upplýsingar um skilaaðila		
1	Kennitala	Íslensk kennitala.
2	LEI	LEI-kóði ef íslensk kennitala liggur ekki fyrir.
Upplýsingar um viðskiptin		
3	Dagsetning viðskipta	Viðskiptadagur, þ.e. þegar samið er um viðskiptin, hvenær svo sem uppgjör er framkvæmt (e. trade date).
4	Einkvæmt tilvísunarnúmer	Tilvísunarnúmer skilaaðila.
5	Form fyrir viðskipti	Form fjármuna sem mótaðili afhendir í viðskiptum. Möguleikar eru innlán (INNLAN); reiðufé (REIDUFE); tékkar (TEKKAR); debetkort/rafeyrir útgefin innanlands (DEBET_I); kreditkort útgefið innanlands (KREDIT_I); debetkort/rafeyrir útgefin erlendis (DEBET_E); kreditkort útgefið erlendis (KREDIT_E).
6	Mynt fyrir viðskipti	Priggja stafa kóði (ISO 4217) fyrir þá mynt sem fjármunirnir sem mótaðili afhendir í viðskiptum eru tilgreindir í.
7	Fjárhæð fyrir viðskipti	Fjárhæð fjármuna sem mótaðili afhendir í viðskiptum í þeirri mynt sem tilgreind er í reitnum á undan.
8	Form eftir viðskipti	Form fjármuna sem mótaðili móttækur í viðskiptum. Möguleikar eru innlán (INNLAN); reiðufé (REIDUFE); tékkar (TEKKAR); debetkort/rafeyrir útgefin innanlands (DEBET_I); kreditkort útgefið innanlands (KREDIT_I); debetkort/rafeyrir útgefin erlendis (DEBET_E); kreditkort útgefið erlendis (KREDIT_E).
9	Mynt eftir viðskipti	Priggja stafa ISO 4217 kóði fyrir þá mynt sem fjármunirnir sem mótaðili móttækur í viðskiptum eru tilgreindir í.
10	Fjárhæð eftir viðskipti	Fjárhæð fjármuna sem mótaðili móttækur í viðskiptum í þeirri mynt sem tilgreind er í reitnum á undan.
11	Fjárhæð í íslenskum krónum	Sú fjárhæðanna í reitunum að framan sem er í íslenskum krónum eða sú fyrri (kúnni selur) umreiknuð í íslenskar krónur m.v. dagslokagengi ef hvorug þeirra er íslenskum krónum.
12	Tilefnislykill	Sjá sérstakan lista, áskilinn fyrir greiðslur yfir jafngildi 500.000 kr.
Upplýsingar um mótaðila		
13	Nafn mótaðila	
14	Kennitala mótaðila	Íslensk kennitala eða kerfiskennitala.
15	Fæðingardagur mótaðila	Eingöngu notað ef einstaklingur er hvorki með íslenska kennitölu né kerfiskennitölu.
16	LEI kóði mótaðila	Eingöngu notað ef lögaðili er hvorki með íslenska kennitölu né kerfiskennitölu.
17	Land mótaðila	Land þar sem mótaðili hefur lögheimili eða heimilisfesti. Skráningarland í tilviki lögaðila.

Skýrsla um yfirfærslu fjármuna yfir landamæri eða milli innlendra og erlendra aðila

Í skýrslu um yfirfærslu fjármuna yfir landamæri eða milli innlendra og erlendra aðila eiga að fara upplýsingar um allar þær yfirfærslur sem skilaaðilinn hefur annast eða mótttekið og eru yfir landamæri eða milli innlendra og erlendra aðila. Dæmi um slíkar yfirfærslur eru:

- Erlendar greiðslur með SWIFT MT103 eða SEPA, hvort sem greiðslan er send eða móttekin.
- Millifærslur innanlands á milli innlendra og erlendra aðila, hvort sem er í innlendum eða erlendum gjaldreyri (þó ekki debetkortafærslur).

Í þeim tilvikum þegar millifærsla innanlands er á milli innlendra og erlendra aðila í sama banka skal skilaaðili skila tveimur línur um millifærsluna. Í skýrslu um yfirfærslu fjármuna yfir landamæri eða milli innlendra og erlendra aðila eiga ekki að fara upplýsingar um úttektir af debetkortum.

Öll viðskipti í skýrslunni þarf að flokka eftir tilefni, á svipaðan hátt og gert hefur verið í eldra GV-kerfi Seðlabankans, sem rekið hefur verið um árabil. Undantekning frá þessu er gerð ef fjárhæð viðskiptanna er undir 500.000 kr. eða jafnvirði í öðrum gjaldmiðlum, en slík viðskipti skal skrá með lyklinum „OFL – óflokkað undir 500.000 kr.“

Skilaaðilar skulu skila skýrslum um yfirfærslu fjármuna í lok hvers viðskiptadags, eigi síðar en fyrir kl. 9 að morgni næsta viðskiptadags.

Færslulýsing

Nr.	Reitur	Skýring
Upplýsingar um skilaaðila		
1	Kennitala	Íslensk kennitala.
2	LEI	LEI-kóði ef íslensk kennitala liggur ekki fyrir.
Upplýsingar um viðskiptin		
3	Dagsetning viðskipta	Viðskiptadagur, þ.e. þegar samið er um viðskiptin, hvenær svo sem uppgjör er framkvæmt (e. trade date). Hver skýrsla tekur til eins viðskiptadags.
4	Einkvæmt tilvísunarnúmer	Tilvísunarnúmer skilaaðila, t.d. CI/CT númer. Gert er ráð fyrir að tilvísunarnúmer sé einkvæmt innan dags fyrir sama skilaaðila.
5	Tegund yfirfærslu	Nokkrir möguleikar: SEPA; SWIFT_MT103; SWIFT_MT202; IG; PEN þ.e. peningasendingar; ANNAD; ISO20022 (aðrar en SEPA millifærslur).
6	Mynt yfirfærslu	Þriggja stafa kóði (ISO 4217) fyrir mynt greiðslunnar.
7	Fjárhæð í mynt	Fjárhæð fjármuna sem yfirfærðir eru, í þeirri mynt sem tilgreind er í reitnum á undan.
8	Fjárhæð í íslenskum kr.	Fjárhæð í mynt umreiknuð í íslenskar krónur, m.v. dagslokagengi á viðskiptadegi.
9	Tilefnislykill	Sjá sérstakan lista.
10	Skýring greiðslu	Skýringartexti sem fylgir yfirfærslu frá sendanda til viðtakanda, ef við á.
Upplýsingar um sendanda		
11	Nafn sendanda	Nafn aðilans sem gefur fyriræli um yfirfærslu (sendandi fjármunanna).
12	Kennitala sendanda	Íslensk kennitala eða kerfiskennitala.
13	Fæðingardagur sendanda	Eingöngu notað ef einstaklingur er hvorki með íslenska kennitölu né kerfiskennitölu.
14	LEI kóði sendanda	Eingöngu notað ef lögaðili er hvorki með íslenska kennitölu né kerfiskennitölu.
15	Reikningsnúmer sendanda	IBAN eða annað reikningsnúmer ef reikningsnúmer liggur ekki fyrir. Í millibankaviðskiptum (t.d. með SWIFT MT202 skeytum) er stundum ekki notast við reikningsnúmer og þá má nota BIC kóða sendanda.

Nr.	Reitur	Skýring
16	Banki sendanda	SWIFT-kóði (BIC) bankans sem sendir fjármunina. Í undantekningartilvikum er engum SWIFT-kóða (BIC) fyrir að fara og þá er leyfilegt að nota „XXXXXXXX“ í staðinn.
17	Land	Upprunaland yfirfærslu, tveggja stafa ISO-3166 kóði.

Upplýsingar um viðtakanda

18	Nafn viðtakanda	Nafn aðilans sem tekur við yfirfærslu (viðtakandi fjármunanna).
19	Kennitala viðtakanda	Íslensk kennitala eða kerfiskennitala.
20	Fæðingardagur viðtakanda	Eingöngu notað ef einstaklingur er hvorki með íslenska kennitölu né kerfiskennitölu.
21	LEI kóði viðtakanda	Eingöngu notað ef lögaðili er hvorki með íslenska kennitölu né kerfiskennitölu.
22	Reikningsnúmer viðtakanda	IBAN eða annað reikningsnúmer ef reikningsnúmer liggur ekki fyrir. Í millibankaviðskiptum (t.d. með SWIFT MT202 skeytum) er stundum ekki notast við reikningsnúmer og þá má nota BIC kóða viðtakanda.
23	Banki viðtakanda	SWIFT-kóði (BIC) bankans sem veitir fjármunum viðtöku. Í undantekningartilvikum er engum SWIFT-kóða (BIC) fyrir að fara og þá er leyfilegt að nota „XXXXXXXX“ í staðinn.
24	Land	Ákvörðunarland yfirfærslu, tveggja stafa ISO-3166 kóði.

Tilfnislyklar

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir flokkunarlyklana sem nota skal til að flokka gjaldeyrisviðskipti og yfirfærslu fjármuna í fyrrnefndum tveimur skýrslum, en á eftir fylgja skýringar við einstaka lykla:

Lykill	Heiti á íslensku	Lykill	Heiti á íslensku
VAR	Vöruviðskipti	LNN	Lán og óskráðir skuldageringar – ný lánveiting
THJ	Þjónusta	LNE	Lán og óskráðir skuldageringar – greiðsluflæði
VEX	Vextir	INN	Innstæður og seðlar
ARD	Arðgreiðslur	RAF	Rafeyrir
LEI	Leiga	CRY	Sýndarfé
FTG	Aðrar fjármagnstekjur og -gjöld	LIF	Lífeyrisgreiðslur
FAS	Fasteignaviðskipti	TRY	Tryggingar
BFH	Bein erlend fjárfesting í hlutafé	FJV	Önnur fjármagnsviðskipti
BFL	Bein fjárfesting í lánaskuldum félags - ný fjármögnun	MBG	Viðskipti fjármálafyrirtækja á skipulögðum millibankamarkaði
BFG	Bein fjárfesting í lánaskuldum félags - greiðsluflæði	MBS	Millibankaviðskipti
HLS	Skráð hlutabréf	OMG	Önnur viðskipti milligönguaðila um gjaldeyrisviðskipti
HLO	Óskráð hlutabréf	LAU	Laun
SJO	Hlutdeildarskírteini sjóða	NAM	Námskostnaður
SKN	Markaðsskuldabréf - viðskipti	GJA	Framlög án endurgjalds á milli einstaklinga
SKE	Markaðsskuldabréf - greiðsluflæði	FAE	Önnur framlög án endurgjalds
VXL	Víxlar	ANN	Annað
AFL	Afleiður	OFL	Óflokkað undir 500.000 kr.

Skýringar við einstaka lykla

Vöru og þjónustuviðskipti

VAR – Vöruviðskipti

Hvers kyns viðskipti með vörur. Einnig uppgjör viðskiptaskulda sem stafa af vöruviðskiptum.

THJ – Þjónustuviðskipti

Kaup og sala á þjónustu af hvaða tagi sem er. Einnig uppgjör viðskiptaskulda sem stafa af þjónustuviðskiptum.

Fjármagnstekjur og gjöld

VEX – Vextir

Greiddir eða móttæknir vextir af innlánnum eða lánaskuldbindingum.

ARD – Arðgreiðsla

Arðgreiðslur af hlutafé.

LEI – Leiga

Greiðslur fyrir afnot af fasteignum eða framleiðslutækjum.

FTG – Aðrar fjármagnstekjur og –gjöld

Aðrar tekjur af fjármagni eða gjöld greidd af fjármagni.

Fjármagnsviðskipti

FAS – Fasteignaviðskipti

Fjármagnshreyfingar sem tengjast kaupum og sölu á fasteignum. Rekstrarkostnaður vegna fasteigna innlendra aðila erlendis eða erlendra aðila innanlands fellur ekki hér undir. Hið sama á við um vexti og afborganir vegna fasteignalána.

BFH – Bein erlend fjárfesting í hlutafé (fjárfestir á >10% hlutafjár í sama félaginu eftir viðskiptin)

Bein fjárfesting innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi. Til þess að fjárfesting teljist bein fjárfesting þarf fjárfestir að eiga eða stjórna a.m.k. 10% hlutafjár eftir viðskiptin. T.d. getur fjárfestir verið að eignast meira en 10% hlut, eða fara úr 9% í 11% hlut, eða úr 11% í 12%.

BFL – Bein fjárfesting í lánaskuldum félags (fjárfestir á >10% hlutafjár í sama félagi) – ný fjármögnun

Bein fjárfesting innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi. Til þess að fjárfesting teljist bein fjárfesting þarf fjárfestir að eiga eða stjórna a.m.k. 10% hlutafjár eftir viðskiptin.

BFG – Bein fjárfesting í lánaskuldum félags (fjárfestir á >10% hlutafjár í sama félagi) – greiðsluflæði

Greiðsluflæði vegna lánaskulda sem flokkast til beinnar fjárfestingar innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi (afborgun af höfuðstól og vaxtagreiðslur). Til þess að fjárfesting teljist bein fjárfesting þarf fjárfestir að eiga eða stjórna a.m.k. 10% hlutafjár í viðkomandi félagi.

HLS – Skráð hlutabréf

Viðskipti með hlutabréf eða annað hlutafé sem gengur kaupum og sölum á skipulegum markaði eða markaðs-torgi fjármálagerninga.

HLO – Óskráð hlutabréf

Viðskipti með hlutabréf eða hlutafé, önnur en skráð hlutabréf.

SJO – Hlutdeildarskírteini sjóða

Viðskipti með hlutdeildarskírteini eða aðra hlutdeild í hvers kyns sjóðum um sameiginlega fjárfestingu svo sem verðbréfasjóðum, fjárfestingasjóðum og fagfjárfestasjóðum.

SKN – Markaðsskuldabréf – viðskipti

Viðskipti með skráð skuldabréf, hvort sem er frumútgáfa eða viðskipti á eftirmarkaði.

SKE - Markaðsskuldbréf – greiðsluflæði

Afborgun af höfuðstól og vaxtagreiðslur.

VXL – Víxlar

Kaup eða sala á skráðum og óskráðum víxlum.

AFL – Afleiður

Viðskipti með afleiðusamninga, t.d. kaup eða sala á valréttum.

LNN - Lán og óskráðir skuldagerningar – ný lánveiting

Lán og óskráðir skuldagerningar.

LNE - Lán og óskráðir skuldagerningar – greiðsluflæði

Afborgun af höfuðstól og vaxtagreiðslur.

INN - Innstæður og seðlar

Innstæðuflutningar, þ.e. flutningur fjármuna milli reikninga sama einstaklings. Enn fremur viðskipti með erlendan gjaldeyri í reiðufé.

RAF – Rafeyrir

Kaup og sala viðskiptavina á rafeyri. Viðskipti rafeyrisfyrirtækja við viðskiptabanka eða önnur fjármálafyrirtæki ættu að flokkast sem „OMG – Önnur viðskipti milligönguaðila um gjaldeyrisviðskipti“.

CRY - Síndarfé

Kaup og sala viðskiptavina á síndarfé, svo sem Bitcoin, Ethereum o.fl.

LIF – Lífeyrisgreiðslur

Greiðslur í tengslum við lífeyrissamninga innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi.

TRY – Tryggingar

Greiðslur vegna trygginga.

FJV – Önnur fjármagnsviðskipti

Önnur fjármagnsviðskipti, áður ótalin. Hér undir falla t.a.m. hreyfingar vegna beinna gjaldeyrisviðskipta milli aðila, sem hvorugur er milligönguaðili um gjaldeyrisviðskipti.

Viðskipti milligönguaðila um gjaldeyrisviðskipti

MBG – Viðskipti fjármálafyrirtækja á skipulögðum millibankamarkaði

Viðskipti fjármálafyrirtækja á skipulögðum millibankamarkaði með gjaldeyri, samkvæmt reglum 600/2020.

MBS – Millibankaviðskipti

Pessi lykill er eingöngu fyrir viðskipti og hreyfingar á milli viðskiptabanka, t.d. með SWIFT MT202 skeyti.

OMG – Önnur viðskipti milligönguaðila um gjaldeyrisviðskipti

Viðskipti á milli milligönguaðila um gjaldeyrisviðskipti skv. 3. gr. laga nr. 70/2021 um gjaldeyrisvæðingarmál, önnur en þau sem áður eru upp talin. Viðskipti á milli viðskiptabanka á skipulögðum millibankamarkaði með gjaldeyri ætti að flokka með „MBG – Viðskipti fjármálafyrirtækja á skipulögðum millibankamarkaði“. Dæmi um viðskipti sem væru færð hér væru viðskipti verðbréfafyrirtækja, rafeyrisfyrirtækja og gjaldeyrisviðskiptastöðva við viðskiptabanka. Einnig vegna hraðsendingarþjónustu gjaldeyrisviðskipta.

Aðrir flutningar fjármuna

LAU – Laun

Launagreiðslur frá launagreiðanda til launþega.

NAM – Námskostnaður

Skólagjöld og framfærsla.

GJA – Framlög án endurgjalds á milli einstaklinga (t.d. gjafir)

Framlög milli einstaklinga, t.d. vegna framfærslu og upphalds fjölskyldu í öðru landi. Flutningur fjármuna á milli reikninga sama einstaklings ætti að flokkast sem „INN - Innstæður og seðlar“.

FAE – Önnur framlög án endurgjalds (arfur, skattar o.p.h.)

Önnur framlög án endurgjalds, t.d. arfur, skattar.

ANN – Annað

Annað áður ótalið. Notkun þessa lykils ætti að heyra til algerra undantekninga.

Óflokkað

OFL – Óflokkað undir 500.000 kr.

Öll viðskipti sem eru undir 500.000 kr. eða jafnvirði í öðrum gjaldmiðlum. Óheimilt er að nota þennan lykil fyrir viðskipti yfir 500.000 kr. eða jafnvirði í öðrum gjaldmiðlum og slíkt getur kallað fram villu í gagnaskilakerfi

Varpanir úr öðrum lyklastettum

Vörpun úr eldra GV-kerfi

GV-kerfið sem Seðlabankinn og Reiknistofa bankanna hafa rekið um árábil hefur einnig notast við flokkunarlykla m.t.t. tilefnis viðskipta. Í eftirfarandi töflu eru þessir lykilar taldir upp og sýnt hvernig þeir samsvara nýjum lykllum Seðlabankans. Ekki er um tæmandi talningu að ræða enda varpast sumir af eldri lykllum ekki með einföldum hætti í nýju lykllana.

Eldri GV-lykill	Nafn	Vörpun í nýjan lykil	Eldri GV-lykill	Nafn	Vörpun í nýjan lykil
010	Óflokkuð fjárhæðarmörk	OFL	407	Gjafir, styrkir, arfur, happdrætti o.fl.	GJA eða FAE
091	Skip og flugvélar	VAR	412	Framlög opinberra aðila	FAE
092	Viðgerðir & endurbætur skipa og flugvéla	THJ	421	Vinnulaun án búferlaflutninga	LAU
094	Gegnumflutningur á vörum	VAR	422	Framlög einstaklinga	GJA
099	Önnur vöruviðskipti	VAR	430	Eignayfirfærslur vegna búferlaflutn.	INN
101	Ferðagjaldeyrir	INN	501	Fasteignir erlendis	FAS
103	Ferðaþjónusta	THJ	502	Fasteignir á Íslandi	FAS
111	Námskostnaður	NAM	505	Tekjur af fasteignum	LEI
112	Sjúkrakostnaður	THJ	511	Fjárfesting í atvinnurekstri erlendis	BFH eða HLO
123	Erlend greiðslukort	OMG	512	Fjárfesting í atvinnurekstri á Íslandi	BFH eða HLO
201	Flugrekstur	THJ	521	Erlend hlutabréf	HLS
202	Flugþjónusta og leiguflug	THJ	522	Innlend hlutabréf	HLS
211	Skiparekstur	THJ	525	Arðgreiðslur	ARD
214	Skipaþjónusta og leiguskip	THJ	551	Markaðsbréf í útlöndum	SJO eða SKN
251	Erlend líftrygging	TRY	552	Markaðsbréf á Íslandi	SJO eða SKN
252	Aðrar erlendar tryggingar	TRY	553	Afleiður	AFL
265	Innlend tryggingarfélag	TRY	580	Erlendir bankareikningar	INN
301	Fjarskiptaþjónusta	THJ	601	Gjaldfrestur á innflutningi	VAR eða THJ
302	Póst og hraðsendingarþjónusta	THJ	609	Stutt erlend lán	LNN eða LNE
305	Tölvu- og upplýsingaþjónusta	THJ	611	Löng erlend lán	LNN eða LNE

Eldri GV-lykill	Nafn	Vörpun í nýjan lykil
311	Utanríkisþjónusta	THJ
312	Erlend sendiráð	THJ
321	Íslenskir verktakar	VAR eða THJ
322	Erlendir verktakar	VAR eða THJ
331	Sérleyfisgjöld og þóknanir	THJ
341	Fjármálaþjónusta	THJ
350	Ýmiss viðskiptaþjónusta	THJ
360	Menningar- og skemmtiefni	THJ
401	Skattar, skaðabætur og sektir	FAE

Eldri GV-lykill	Nafn	Vörpun í nýjan lykil
620	Lánveiting til erlendra aðila	LNN eða LNE
626	Skuldaskipti - SWAP	AFL
770	Arðgeiðslur	ARD
801	Innlend greiðslukortafyrirtæki	OMG
823	Millibankaviðskipti	MBG
891	IG-reikningar innlendra aðila	INN
893	Gjaldeyrisreikn. erlendra aðila	INN
899	Millifærslur milli erlendra banka	MBS

Vörpun úr ISO20022 lykllum

Sumir lykllanna sem gefnir hafa verið út í tengslum við ISO20022 staðalinn (e. external purpose codes) hafa beina samsvörun við fyrrnefnda flokkunarlykla m.t.t. tilefnis viðskipta. Í eftirfarandi töflu eru þessir lykklar taldir upp og sýnt hvernig þeir samsvara lykllum Seðlabankans:².

ISO-lykill	Vörpun í nýjan lykil	ISO-lykill	Vörpun í nýjan lykil	ISO-lykill	Vörpun í nýjan lykil	ISO-lykill	Vörpun í nýjan lykil
SUBS	THJ	NOWS	THJ	VIEW	THJ	TAXR	FAE
TRAD	THJ	STDY	THJ	DMEQ	THJ	AIRB	THJ
GDDS	VAR	EDUC	NAM	HLTI	TRY	BUSB	THJ
SCVE	THJ	COST	THJ	MAFC	TRY	FERB	THJ
SERV	THJ	RENT	THJ	MARF	TRY	RLWY	THJ
CHAR	FAE	CMDT	VAR	PEFC	LIF	TRPT	THJ
INPC	TRY	DIVD	ARD	PAYR	LAU	UBIL	THJ
LBRI	TRY	DERI	AFL	PENS	LIF	CBTV	THJ
LIFI	TRY	PRME	VAR	ESTX	FAE	ELEC	THJ
PPTI	TRY	ANTS	THJ	HSTX	FAE	GASB	THJ
INSU	TRY	CVCF	THJ	INTX	FAE	NWCH	THJ
GOVI	TRY	DNTS	THJ	NITX	FAE	NWCM	THJ
INPR	TRY	HLTC	THJ	PTXP	FAE	OTLC	THJ
LOAR	LNE	HSPC	THJ	RDTX	THJ	PHON	THJ
INSC	TRY	ICRF	THJ	WHLD	FAE	WTER	THJ
LOAN	LNN	LTCF	THJ	TAXS	FAE	ENRG	THJ
MSVC	THJ	MDCS	THJ	VATX	FAE		

2. Uppfært m.v. útgefna lyklla í mars 2022, sjá: <https://www.iso20022.org/catalogue-messages/additional-content-messages/external-code-sets>.